

Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Indíana.
2. Hvað ertu gömul ? 6 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ?
Amma mín var mamma mömmu minnar og frænku minnar Dögg. Svo varð amma gömul, bara smá, og þá fæddi mamma bróður minn, mig og systur mína, og ég horfði á systur mína liggjandi í smábarnavögg.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Ostastangir, Kjúklinganagga, Kjúkling, KFC og Subway.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Fara heim til Védísar að leika, og Björns, Elínar, Melkorku, Kamillu og Freys.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Að vera úti hérna og úti heima.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Fiðild og Kanína, því þau eru svo mikil krútt. Ég og bróðir minn erum alltaf að reyna að veiða fiðildi í krukku svo við getum skoðað þau.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Blágrænn, sem er sægrænn, og allskonar bláir litir.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Fiskabúr og fiska. Ég gleymdi að segja að ég vill líka vera fiskur. Hann er krútt.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Tónleikakona og flugvélakona.
 - a. Hvað gera þær ? Flugvélakona gefur mat og tónleikakona syngur og spilar.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Með fjölskyldunni minni í bíó, skauta og í sund.
12. Af hverju er himininn blár ? Yppir öxlum. Hann á bara að vera blár.

